Vísan til helstu lagaákvæða: Vísan er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefndi til laga nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, reglugerðar nr. 5778/1982, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í

Reykjavík, þriðjudaginn 25. júní 2024 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 16. maí 2024,
f.h. stefnanda.
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024010482

Útgáfud.: 23. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík
Stefnda: Ilva Krama, kt. 020970-2519, með óþekkt heimili í Írlandi.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 1.656.572 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 152.048 frá 30. júní 2022 til 1. september 2022, en af kr. 379.474 frá þeim degi til 13. mars 2023, en af kr. 1.656.572 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-70128.
Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2024 frá 1. janúar 2024, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirsvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-610223 þann 26. febrúar 2020 upphaflega að fjárhæð kr. 1.397.878. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 477,5 stig sem sem er vísitala neysluverðs í júní 2020. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 29. júní 2020, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-610223, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 30. júní 2022 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll felld í gjalddaga þann 13. febrúar 2023.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi

30. júní 2022

1. september 2022

Gjaldfelldar eftirstöðvar 13. febrúar 2023

Eða alls kr. 1.656.572 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Upphæð kr.

152.048

227.426

1.277.098

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar, sbr. a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð lögheimili á Írlandi hjá Þjóðskrá Íslands. Ekki hefur fundist heimilisfang hjá stefndu á Írlandi. Samkvæmt 1. gr. Haag-samnings um birtingar á réttarskjölum o.fl. frá 15. nóvember 1965 gildir samningurinn ekki þegar heimilisfang er óþekkt. Stefnandi leitaði eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnunnar fyrir stefndu eftir reglum á Írlandi um birtingu stefnu fyrir aðila með óþekkt heimili. Í embættisbréfi Sendiráðsins í London kemur fram að sendiráðið hafi sent yfirlöndum á Írlandi erindi um málið.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum þarlendrar stjórnvalda er ekki hægt að afhenda stefnuna á Írlandi án skráðs heimilisfangs og líta verði svo á að yfirvöld á Írlandi muni ekki birta stefnuna þar sem heimilisfang viðkomandi er óþekkt. A stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-610223, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísan er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 25. júní 2024 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 6. júlí 2023.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024010487

Útgáfud.: 23. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Ingunn Björg Arnardóttir, kt. 290669-5539, með óþekkt heimili á Spáni.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 374.103 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 145.023 frá 1. mars 2021 til 1. september 2021, en af kr. 374.013 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-73277.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-071187 þann 8. maí 2007 upphaflega að fjárhæð kr. 668.359. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 268,0 stig sem sem er vísitala neysluverðs í mars

2007. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 31. mars 2007 en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-071187, sbr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 602/1997 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Í vanskilum eru gjalddagar 1. mars 2021 og 1. september 2021 en nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð
1. mars 2021	145.023
1. september 2021	228.990

Eða alls kr. 374.103 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna á hendur stefndu er birt í Lögbirtingablaði með vísan til b-liðar, sbr. a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefna er með skráð lögheimili á Spáni hjá Þjóðskrá Íslands. Ekki hefur fundist heimilisfang hjá stefndu á Spáni. Samkvæmt 1. gr. Haag-samnings um birtingar á réttarskjölum o.fl. frá 15. nóv. 1965 gildir samningurinn ekki þegar heimilisfang er óþekkt. Stefndi leitaði eftir milligöngu Utanríkisráðuneytisins um birtingu stefnunnar fyrir stefndu eftir reglum á Spáni um birtingu stefnu fyrir aðila með óþekkt heimili.

Í embættisbréfi Sendiráðs Íslands í París kemur fram að sendiráðið hafi sent yfirvöldum á Spáni stefnuna ásamt formlegri nótu þann 17. nóvember 2023 en spænsk yfirvöld létu hins vegar hjá liða að birta stefnuna. Á stefnandi því enga aðra úrkosti en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-071187, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr.602/1997 og nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefndi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 25. júní 2024 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufræstur er einn mánuður.

Reykjavík, 15. maí 2024.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024010490

Útgáfud.: 23. maí 2024

Stefna - til ógildingar á frumriti veðskuldabréfs

**Dómstjóri Héraðsdóms Austurlands,
Ólafur Ólafsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Jónsson lögmaður, Fagradalsbraut 11, Egilsstöðum að hann þurfi fyrir hönd Guðrúnar Ásdísar Einarsdóttur, kt. 060643-2969, Bakkastíg 15, Fjarðabyggð, að að höfða mál fyrir Héraðsdómi Austurlands til ógildingar á frumriti veðskuldabréfs.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf með þinglýsingarnúmerið S-22/2015, útgefið þann 6. febrúar 2015 af Guðrúnu Ásdís Einarsdóttur, kt. 060643-2969, upphaflega tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Bakkastíg 15, fastanr. 217-0075, Eskifirði en nú á 1. veðrétti, upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000 og að stefnanda verði heimilað að ráðstafa þeim réttindum sem veðskuldabréfið hljóðar um eins og hann hefði frumrit þess undir höndum.

Málsatvik og málsástæður: Veðskuldabréf það, sem krafist er ógildingar á, er handhafabréf upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000 gefið út hinn 6. febrúar 2015 af Guðrúnu Ásdís Einarsdóttur, kt. 060643-2969. Bréfið var upphaflega tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Bakkastíg 15, fastanr. 217-0075, Eskifirði en nú á 1. veðrétti eftir að veðskuldabréf sem var á 1. veðrétti og tilgreint er í bréfinu var aflýst. Af skuldinni skyldu ekki greiðast fastir vextir en fjárhæðin var bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, þar sem grunnvísitalan var 419,3. Skuldina skv. veðskuldabréfinu skyldi endurgreiðast með 1 afborgun þann 6. febrúar 2030. Tildrög þess að veðskuldabréfið var gert kveður stefnandi hafa verið þau að hann hafi sjálfur látið útbúa skuldabréfið hjá lögmannsstofu. Stefnandi hafi átt þann möguleika að framselja bréfið en það hafi aldrei verið gert heldur hafi hann haft frumritið í eigin vörslum. Stefnandi kveður framangreint veðskuldabréf glatað og finnst það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar síns samkvæmt því.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 120. gr. og 121. gr. í XVIII. kafla þeirra laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram eftirfarandi:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
4. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
5. Ljósrit veðskuldabréfs nr. S 22/2015.
6. Veðbandayfirlit.
7. Reikning frá lögmannsstofu, dags. 6. febrúar 2015.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, sem kynni að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþingi Héraðsdóms Austurlands sem háð verður á dómþingi sem haldið verður að Lyngási 15, þann 5. september 2024, kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins, þar sem ella megi búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu skjalsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Egilsstöðum, 10. maí 2024.

Ólafur Ólafsson dómstjóri.

(2024010514

Útgáfud.: 23. maí 2024

Stefna - til breytinga á skipan forsjár og umgengni

Iveta Siraka

kt. 050179-2739,

Kjarrhólma 32, Kópavogi,

gjörir kunnugt að höfða þurfi mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Vadims Kocegarovs, kt. 051181- 3959, ótilgreint, Reykjavík, til breytinga á skipan forsjár og umgengni barnsins Astra Siraka, kt. 190118- 2070, að heimilis í Kjarrhólma 32, Kópavogi.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að sér verði falin full forsjá og lögheimili barns aðila, Astra Siraka, kt. 190118-2070.

Þá er krafist að stefndi verði sviptur umgengnisrétti við barnið. Að auki er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Málflutningsumboð: Karl Georg Sigurbjörnsson hrl, Lækjargötu 4, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavextir, málsástæður og lagarök:

I. Aðilar voru í sambúð sem lauk 1. apríl 2021. Fara þau með sameiginlega forsjá yfir barninu og í kjölfar slita var barnið til skiptis hjá aðilum, eina viku í senn.

Eftir slitin gerðu alvarleg geðræn vandamál stefnda vart við sig og hefur hann komið fram með ofbeldi gagnvart stefnanda og barninu. Hinn 8. nóvember 2021 var lögregla fyrst kölluð að heimili stefnanda vegna ofbeldis af hálfu stefnda gagnvart stefnanda. Til 25. nóvember s.á. var lögregla margsinis kölluð að heimilinu vegna heimilisofbeldis, eignaspjalla og líkamsárása. Þá var lögregla í tvígang kölluð að leikskólabarnsins þar sem stefndi var í annarlegu ástandi og þurfti lögregla 12. nóvember að fjarlægja stefnda af leikskólanum með valdi. Fór svo að 17. nóvember 2021 lagði stefnandi beiðni til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um nálgunarbann gagnvart stefnda sem var samþykkt 26. nóvember 2021. Brot stefnda varða m.a. við 217. og 218. gr. b. laga nr. 19/1940, auk 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 (dskj. 3).

Frá desember 2021 hefur stefnandi sóst eftir fullri forsjá yfir barninu. Stefndi mætti ekki á fund hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hinn 15. desember 2021. Var hann boðaður á annan fund, en aftur mætti stefndi ekki. Málinu var þá vísað til sáttameðferðar og sáttafundur haldinn 25. apríl 2022, en stefndi mætti ekki. Sýslumaður reyndi án árangurs að hafa samband við stefnda með aðstoð pólskra yfirvalda. Sáttameðferð lauk svo 30. maí 2022 (dskj. 6).

Stefna var birt í Lögbirtingablaðinu hinn 6. janúar 2023 (dskj.7). Við þingfestingu málsins hinn 12. febrúar síðastliðinn var ekki mætt af hálfu stefnda. Þar sem sáttavottorð var eldra en sex mánaða var málinu vísað frá með vísan til 7. mgr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 (bl.). Í nýju sáttavottorði, dags. 3. mars 2023, var árangurslaus sáttameðferð aðila staðfest. (dskj. 8). Stefna var að nýju framlögð í Lögbirtingablaði þann 17. mars 2023 (dskj. 9) og lauk málinu með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness nr. E-1104/2023 (dskj. 10) þar sem því var vísað frá án kröfu. Ástæður þess voru annars vegar að sáttamaður hafi ekki gert tilraun til að boða stefnda á sáttafund í andstöðu við 5. mgr. 33. gr. bl. og hins vegar að ekki hafi verið rökstudd heimild stefnanda til að birta stefnu í Lögbirtingablaði. Nú hefur verið ráðið bót á þessum ágöllum með nýju sáttavottorði frá 21. mars 2024 útgefnu af Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu (dskj. 13). Stefndi var fyrst boðaður í sáttameðferð 14. mars 2024 (dskj. 11) og í annað sinn 18. mars 2024. (dskj. 12).

II. Stefnandi telur forsendur fyrir sameiginlegri forsjá barnsins brostnar í ljósi ofbeldis og vanrækslu stefnda í garð stefnanda og barnsins. Stefnandi óttast um öryggis barnsins vegna geðræns vanda stefnda. Er því nauðsynlegt að höfða mál til úrlausn mála. Aðrar leiðir hafa verið þrautreyndar.

Stefndi hefur ítrekað brotið gegn forsjár- og uppeiddisskyldum sínum skv. 2. og 3. mgr. 28. gr. bl., auk þess sem stefndi hefur ekki verið til staðar fyrir barnið frá nóvember 2021. Þá hefur stefndi ekki sinnt boðum Sýslumanns eða svarað skilaboðum er varða barnið. Er ljóst að stefndi hefur brugðist forsjárskyldum sínum og skortir hæfi til að sinna barninu í samræmi við 2. og 3. mgr. 28. gr. bl. Stefndi hefur ítrekað brotið gegn barninu og stefnanda og er forsjá og umgengni stefnda við barnið því augljóslega andstæð högum þess. Telur stefnandi að verði stefndi ekki sviptur umgengnisrétti við barnið gæti það stofnað því í hættu, þvert á megininntak 1. og 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. mgr. 34. gr. bl.

Stefnandi telur að núverandi fyrirkomulag forsjár og áframhaldandi umgengni grafi undan stöðugleika og öryggi í lífi barnsins. Stefndi hefur ekki burði til að veita því þá vernd og umönnun sem það á rétt á skv. 1. mgr. 1. gr. bl. Stefndi hefur jafnframt sýnt með háttsemi sinni að barninu sé hætt komið í návist hans. Réttindum barnsins yrði best gætt með því að dæma stefnanda fulla forsjá og með dómi svipta stefnda umgengnisrétti, sbr. lokamálslið 1. mgr. 47. gr. bl., sbr. 5. mgr. 34. gr. sömu laga, sbr. og 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013. Réttur barnsins til lífs án ofbeldis gengur frammar rétti stefnda til umgengni við barnið.

Stefnandi óttast áframhaldandi líkamlegt og andlegt ofbeldi í garð sín og barnsins. Öryggi barnsins verður stefnt í voða fallist dómur ekki á kröfur stefnanda. Í því samhengi bendir stefnandi á að lögregla hefur í tvígang verið kölluð til leikskóla barnsins vegna stefnda og margsinnis að heimili stefnanda vegna ofbeldis hans. Fékk stefnandi nálgunarbann vegna þessa.

III. Um lagarök vísast til laga. nr. 76/2003, einkum 1. gr., 28. gr., 34. gr., 46. gr. og 47. gr. Um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.).

Málið er höfðað á heimilisvarnarpingi barnsins, sbr. 1. mgr. 37. gr. laga bl.

Stefnubirting: Stefnan er birt í Lögbirtingablaði skv. a. lið 85. gr. eml. Sá háttur er hafður á þar sem stefndi er með lögheimili á Íslandi en er óstaðsettur í hús, ekki er vitað um vinnustað hans né stað þar sem hægt er að birta stefnuna að honum fjarstöddum. Birtingarstaður verður ekki ráðinn af 3. mgr. né 4. mgr. 85. gr. eml. Því er nauðsynlegt að fara þá leið að birta stefnda í Lögbirtingablaði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram skjöl til sönnunar kröfum sínum, sbr. skjalaskrá á dskj. 2.

Skýrslutökur: Komi til aðalflutnings í máli þessu mun stefnandi koma fyrir dóm, auk annarra þeirra sem til hagsmuna barnsins þekkja. Þá er áskilinn réttur til að leiða til skýrslutöku aðila sem upplýst geta dóminn um aðstæður stefnanda og stefndu eftir því sem máli skiptir.

Sérstakur áskilnaður: Áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum málsins ef þurfa þykir. Þá er áskilinn réttur til að koma að nýjum málsástæðum og kröfum allt fram að dómtöku málsins, sbr. 41. gr. bl. nr. 76/2003.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Vadims Kocegarovs, kt. 051181-3959, ótilgreint, Reykjavík, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal nr. 1 í dómhúsinu að Linnestíg 9b, Hafnarfirði, miðvikudaginn 26. júní 2023 kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 21. maí 2024.

Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.

(2024010517

Útgáfud.: 24. maí 2024

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness,

Jónas Jóhannsson,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Betzy Ósk Hilmarsdóttir lögmaður, Lögskilum ehf., lögmannsstofu, Suðurlandsbraut 48, Reykjavík, að hún þurfi fyrir hönd Eðvarðs Hallgrímssonar, kt. 220148-2549, Garðatorgi 2A, Garðabæ, að höfða mál til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þá dómkröfu að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, upphaflega að fjárhæð kr. 2.700.000, útgefið í Grindavík þann 1. apríl 2003 af Jakobi Guðmanni Jakobssyni, kt. 160364-7269 til handhafa, tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Sólvöllum 2, Grindavík, fasteignanúmer 209-2265. Veðskuldabréfinu hafi verið þinglýst þann 4. apríl 2003 og það beri þinglýsingarnúmerið 434-X-000281/2003.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður málsatvik vera þau að hann hafi lánað dóttur og tengdasyni sínum kr. 2.700.000 á árinu 2003 og hafi umrætt skuldabréfi verið útbúið af því tilefni. Bréfið hafi verið gefið út af tengdasyni stefnanda til handhafa og áritað af dóttur hans sem maki þinglýsts eiganda, með veði í eign Jakobs að Sólvöllum 2, Grindavík. Skyldi skuldin skv. bréfinu greiðast til baka með 120 afborgunum á 10 árum í fyrsta sinn þann 15. maí 2003.

Stefnandi kveðst vera handhafi og rétthafi skuldabréfsins og hafi sett það í innheimtu hjá Glitni hf. (nú Íslandsbanka hf.) og hafi bréfið verið mótttekið þar af þáverandi starfsmanni Glitnis hf., Ólöfu þann 7. apríl 2003 skv. áritun á ljósrit skuldabréfsins sbr. staðfesting þess efnis í tölvupósti frá Íslandsbanka hf. þann 15. maí 2024.

Stefnandi kveður að þann 16. ágúst 2006 hafi Glitnir hf. afhent bréfið til hans sem eiganda skuldabréfsins en skuldin hafi þá verið nánast uppgreidd og hafi stefnandi felld niður eftirstöðvar skuldarinnar sem voru þá kr. 289.019, þar sem skuldari hafi greitt inná skuldina degi áður kr. 1.800.000 sbr. framlögð skilagrein frá Glitni hf.

Skuldin skv. skuldabréfinu kveður stefnandi sé að fullu greidd en frumrit bréfsins hafi ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Því sé eigi unnt að fá það afmáð úr veðmálabókum.

Stefnandi kveðst hafa af því brýna hagsmuni að fá ógildingardóm um veðskuldabréfið, svo að unnt sé að fá það afmáð úr veðmálabókum af hinni veðsettu fasteign, enda sé skuldin uppgreidd. Hin veðsetta fasteign hafi verið seld til fasteignafélagsins Þórkötlum í tengslum við uppkaupt ríkisins á fasteignum í Grindavík vegna náttúruhamfara sem þar hafa átt sér stað. Þar sem á eigninni hvíli umrætt skuldabréf sé ekki hægt að ljúka samningsgerð.

Lagarök: Stefnandi kveðst höfða mál þetta með heimild í XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og vísar hann einkum til 120. og 121. gr. nefndra laga.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst muni leggja fram eftirtalin gögn við þingfestingu málsins:

1. Frumrit stefnu þessarar.
2. Ljósrit veðskuldabréfs, útg. 1. apríl 2003, staðfest ef embætti sýslumannsins á Suðurnesjum.
3. Ljósrit veðskuldabréfs, útg. 1. apríl 2003, með áritun starfsmanns Glitnis hf. um móttöku þess þann 7. apríl 2003.
4. Skilagrein Glitnis hf. um innborgun og afhendingu skuldabréfs til stefnanda þann 16. ágúst 2006.
5. Tölvupóstsamskipti stefnanda, Íslandsbanka hf. og sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15.-17. maí 2024.
6. Veðbókavottorð fasteignarinnar að Sólvöllum 2, Grindavíkurbæ, fastanr. 209-2265.
7. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal nr. 1 í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, miðvikudaginn 26. júní 2024, kl. 9.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins. Ella megi búast við því að útivistardómur gangi í málinu og að krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Hafnarfirði, 21. maí 2024.

Jónas Jóhannsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness.

(2024010524

Útgáfud.: 24. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: DK Hugbúnaður ehf., kt. 661198-2499, Dalvegi 30, Kópavogi.

Stefndi: Sigurður Andri Hjörleifsson, kt. 280881-4579, ótilgreint, Hafnarfirði.

Málflutningsumboð: Davíð Blöndal Þorgeirsson, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 219.418, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af kr. 22.025 frá 31. janúar 2021 til 1. febrúar 2021, af kr. 52.416 frá 1. febrúar 2021 til 1. mars 2021, af kr. 85.798 frá 1. mars 2021 til 31. mars 2021, af kr. 115.423 frá 31. mars 2021 til 1. apríl 2021, af kr. 149.961 frá 1. apríl 2021 til 1. maí 2021, af kr. 184.609 frá 1. maí 2021 til 1. júní 2021, af kr. 219.418 frá 1. júní 2021 til greiðsludags. Þá er krafist

málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi sérhæfir sig í hugbúnaðargerð og er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ofangreind krafa er vegna vinnu og þjónustu stefnanda til handa stefndalíkt og framlagðir reikningar bera með sér.

Rekstur dkvistunar ehf., kt. 491182-0169, sameinaðist rekstri stefnanda hinn 18. maí 2022. Þar með hefur stefnandi yfirtekið réttindi og skyldur hins yfirtekna félags, þ.á.m. kröfur sem grundvallast á framlögðum reikningum, sbr. 94. gr. laga nr. 138/1994.

Krafa stefnanda er byggð á:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	31.01.2021	31.01.2021	22.025
2	01.02.2021	01.02.2021	11.701
3	01.02.2021	01.02.2021	18.690
4	01.03.2021	01.03.2021	11.701
5	01.03.2021	01.03.2021	21.681
6	31.03.2021	31.03.2021	22.025
7	31.03.2021	31.03.2021	7.600
8	01.04.2021	01.04.2021	11.701
9	01.04.2021	01.04.2021	22.837
10	01.05.2021	01.05.2021	11.701
11	01.05.2021	01.05.2021	22.947
12	01.06.2021	01.06.2021	11.701
13	01.06.2021	01.06.2021	23.108

Stefnufjárhæð nemur samtölu reikningsfjárhæða, alls fjárhæð kr. 219.418. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Af þeim sökum er stefnanda nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi er tilneyddur til að stefna máli þessu í Lögbirtingarblað þar sem stefndi er óstaðsettur í hús en breyting var síðast gerð á lögheimili stefnda í Þjóðskrá fyrir átta árum og opinber gögn bera ekki með sér hvar hann er búsettur, sbr. a. liður 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. stoð í lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Auk þess vísast til ákvæðis 94. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum og þá sérstaklega 1. mgr. 6. gr. laganna. Krafa um að tekið verði tillit til áfallins innheimtukostnaðar styðst við ákvæði 7. og 12. gr. laga nr. 95/2008. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991, og samningsvarnarþing og 89. gr. sömu laga um birtingu stefnu.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins leggur stefnandi fram stefnu, skrá o.fl.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á Sigurður Andri Hjörleifsson, kt. 280881-4579, ótilgreint, 220 Hafnarfirði að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 1, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, þann 26. júní 2024, kl. 9.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur stefndi átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 8. maí 2024.
F. h. stefnanda,
Davíð Blöndal Þorgeirsson lögmaður.

(2024010525

Útgáfud.: 24. maí 2024

Eftirtaldir aðilar hafa hlotið leyfi innviðaráðherra til að gera eignaskiptayfirlýsingar sbr. lög nr. 26/1994 um fjöleignarhús

Nafn	Heimili	Póstfang
Þorvaldur Þorvaldsson	E. Birkihlíð 39	550
Guðmundur Hlír Sveinsson	Digranesheiði 41	200
Svava Steingrímsdóttir	Austurvegur 1-5	800
Ármann Halldórsson	Selsvellir 1	240
Jónas Ásbjörnsson	Seilugrandi 2	107
Kristinn Sigurbjörnsson	Reykjabyggð 53	270
Hermann Herbertsson	Álfabyggð	12 600
Sigprúður Hrönn Friðriksdóttir	Vættaborgir 29	112
Hrönn Norðdahl	Fannafold 223	112
Þormóður Sveinsson	Heiðargerði 124	108
Birgir Guðmundsson	Fjóluási 38	221
Berglind Sigvaldadóttir	Björg Miðtún 82B	105

Innviðaráðuneytinu, 16. maí 2024.
F.h.r.
Hildur Dungal.

(2024010535

Útgáfud.: 17. maí 2024

Umsókn um virkjunarleyfi - stækkun Sigölduvirkjunar

Auglýsing vegna umsóknar Landsvirkjunar um virkjunarleyfi til stækkunar Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra úr 150 MW í 215 MW.

Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Katrínartúni 2, Reykjavík, hefur óskað eftir virkjunarleyfi til stækkunar Sigöldustöðvar vatnsaflsvirkjunar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 og með vísan til 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, með síðari breytingum.

Ætlunin er að auka aflgetu stöðvarinnar með því að bæta fjórðu aflvél við þær þrjár sem fyrir eru, ásamt því að ráðast í nauðsynlegar breytingar á mannvirkjum stöðvarinnar vegna þess.

Skv. ákvörðun Orkustofnunar dags. 7. júlí 2023 er fyrirhuguð stækkun Sigöldustöðvar undanþegin ákvæðum um verndar- og nýtingaráætlun í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3 gr. laga nr. 48/2011.

Í ágúst 2023 lagði Landsvirkjun fram umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmdinni til Skipulagsstofnunar. Álit Skipulagsstofnunar lá fyrir þann 18. desember 2023.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032 og Rangárþings ytra 2016-2028, og deiliskipulag Sigöldustöðvar í Ásahreppi og Rangárþingi ytra sem samþykkt var í hreppsnefnd Ásahrepps 18. október 2023 og í sveitarstjórn Rangárþings ytra 13. september 2023, sbr. auglýsingu nr. 428/2024 í B-deild stjórnartíðinda.

Í samræmi við 4. mgr. 34. gr. raforkulaga er þeim er málið varðar gefið færi á að kynna sér umsókn Landsvirkjunar og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar þessarar.

Hlekk á umsóknina ásamt fylgigögnum má nálgast á heimasíðu Orkustofnunar, www.orkustofnun.is.

Skriflegum athugasemdum má koma á framfæri við Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, netfang os@os.is.

Reykjavík, 15 maí 2024.
Orkustofnun.

(2024010076

Útgáfud.: 22. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **Luma ehf.**

Kt.: 460524-1130.

Heimili og varnarþing: **Suðurvangi 14, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 3. maí 2024.

Stofnendur: Ragnar Heiðar Ragnarsson, kt. 301282-3709, Blönduhlíð 3, 105 Reykjavík, Gottskálf D. Bernhöft Reynisson, kt. 040993-2239, Suðurvangi 14, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 3. maí 2024.

Stjórnarmaður: Gottskálf D. Bernhöft Reynisson. Varastjórn: Ragnar Heiðar Ragnarsson.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Gottskálf D. Bernhöft Reynisson.

Prókúruumboð: Ragnar Heiðar Ragnarsson, Gottskálf D. Bernhöft Reynisson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Björk Reynisdóttir, kt. 151268-3589, Norðurbrú 5, 210 Garðabær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Hönnun og framleiðsla á markaðsefni o.þ.h.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024010418)

Útgáfud.: 22. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **Vit & verk ehf.**

Kt.: 480524-2330.

Heimili og varnarþing: **Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 15. apríl 2024.

Stofnendur: Vasile Tronciu, kt. 090191-5949, Laxatungu 47, 270 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 15. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Vasile Tronciu. Varastjórn: Óskar Sæberg Sigurðsson, kt. 020590-2039, Þingvaði 45, 110 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Vasile Tronciu.

Prókúruumboð: Vasile Tronciu.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Straumfjörð Pálsson, kt. 270884-3189, Sölkugötu 8, 270 Mosfellsbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna, Sérhæfð byggingarstarfsemi, Kaup og sala á eigin fasteignum og önnur lánaþjónusta.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024010421)

Útgáfud.: 22. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráningFélagið heitir: **Bústoð RVK ehf.**

Kt.: 470524-1890.

Heimili og varnarþing: **Tjarnargötu 2, 230 Reykjanesbær.**

Dagsetning samþykktar er: 2. maí 2024.

Stofnendur: Bústoð ehf., kt. 430779-0449, Tjarnargötu 2, 230 Reykjanesbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 2. maí 2024.

Stjórnarmaður: Björgvin Árnason, kt. 041084-3249, Heimavöllum 7, 230 Reykjanesbær. Varastjórn: Runólfur Þór Sanders, kt. 021184-3069, Lynghólum 18, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Björgvin Árnason.

Prókúruumboð: Runólfur Þór Sanders, Björgvin Árnason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Rúnar Dór Danielsson, kt. 190784-2909, Heiðarbolli 17, 230 Reykjanesbær.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur verslunar með húsgögn og annan skyldan varning, innflutningur slíks varnings og annar skyldur atvinnurekstur. Eins er tilgangur félagsins rekstur og útleiga á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024010423)

Lögbirtingablað,

36. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.